

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Þóra fulltrúi kennara, Kári fulltrúi starfsmanna, Ingólfur form. foreldrafélagsins, Þröstur og Þóra fulltrúar foreldra.

Örn fór stuttlega yfir niðurstöður skólans í samræmdum prófum. Niðurstöður skólans eru yfir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði í 7.bekk og íslensku í 4.bekk. Aðeins undir í stærðfræði í 4.bekk (einu þáttur reikn. og aðgerðir). Verður brugðist við og reynt að rýna frekar í niðurstöður og auka aðstoð í hópnum eins og hægt er. Niðurstöður í 7.bekk eru yfirleitt hærri en í 4.bekk. Talsverð umræða spannst um fyrirkomulag skólasunds – þegar það stendur yfir kemur það oft niður á kennslu kjarngreina (ísl/st.fr) hjá umsjónarkennurum.

Skóladagatal næsta vetrar 2015-2016, Örn kynnti frumdrög. Á eftir að samræma eins og hægt er með nær umhverfinu og leggja fyrir á fundi innanhúss. Mjög svipað fyrirkomulag eins og undanfarin ár.

Fjárhagsáætlun þessa árs er ekki komin og því ekki byrjað á rekstraráætlun. Komnar upplýsingar um að halli síðasta rekstrarárs mun ekki fylgja okkur inn í nýtt.

Fulltrúi foreldra lýsti yfir mikilli ánægju með ráðningu og störf skólafélagsráðgjafa. Mikill styrkur fyrir skólasamfélagið.

Fundi slitið  
Inga.